

Útflutningur vegna móttöku umframmjólkur á verðlagsárinu 2022

Samkvæmt 29. og 52. grein Búvörulaga nr. 99/1993 skal mjólk sem er framleidd umfram greiðslumark hvers árs fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Samkvæmt 52. gr. Búvörulaga getur Framkvæmdanefnd búvörusamninga þó heimilað sölu vara sem framleiddar eru úr mjólk utan greiðslumarks innanlands, ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Samkvæmt uppgjöri frá Matvælaráðuneytinu 27. janúar 2023 var skráð nýting á greiðslumarki og móttækin umframmjólk árið 2022 samtals 148.036.032 lítrar, en notað greiðslumark ársins var skráð 146.504.650 lítrar. Samkvæmt 8. gr. reglugerðar 348/2022 var greiðslumarks ársins 2022 ákveðið 146,5 millj. lítrar. SAM hafa ekki leitað skýringa á misræminu.

Aðildarfélög SAM tóku á móti 147.966.914 lítrum, þar af allri mjólk sem framleidd var umfram greiðslumark samtals 1.531.382 lítrum. Við athugun á nýtingu greiðslumarks kom í ljós að greiðslumark sem nam 69.118 lítrum var nýtt af öðrum en afurðastöðvum sem eiga aðild að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Opinber skýring liggur ekki fyrir en á liðnum árum hefur misræmið skýrst af skráðri notkun í mjólkurvinnslu undir hugtakinu „heimavinnslu.“

Aðildarfélög SAM fluttu út samtals 2.666 tonn af mjólkurafurðum árið 2022. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaganna SAM árið 2022

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	1.041.357	355.598	3.338.311
Sýrðar vörur	2.508	3.589	1.823
Smjör	79.760	1.712.447	122.352
Ostar	1.272.774	819.082	18.107.506
Undanrennuduft	269.925	41.838	3.324.396
Samtals:	2.666.324	2.932.555	24.894.388

Umreiknað á lítra miðað við próteingrunn var útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaganna SAM árið 2022 um 23 milljónum lítra meiri en umframmjólk. Lagaskylda um útflutning umframmjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umframmjólkur.

Í lok árs 2021 átti eftir að flytja út eftirstöðvar af fituhluta umframmjólkur sem samsvöruðu 2.710.186 lítrum. Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2021 lá fyrir 17. mars 2022 kom í ljós að umframmjólk ársins 2021 var samtals 3.858.857 lítrar og hækkaði útflutningsskylda sem því nam. Með bréfi frá SAM 14. júní 2022 óskuðu samtökin eftir heimild Framkvæmdanefndar búvörusamninga til að nýta fituhluta umframmjólkur ársins 2022 á innanlandsmarkaði til að tryggja nægjanlegt framboð mjólkurvara í samræmi við 29. og 52. gr. Búvörulaga nr. 99/1993. Framkvæmdanefndin samþykkti ósk SAM á fundi 30. ágúst 2022 og lækkaði þá útflutningsskylda vegna fituhluta umframmjólkur aftur í 3.858.857 lítra.

Árið 2022 voru fluttar út mjólkurafurðir sem svöruðu til 2.933.067 lítra af mjólk á fitugrunni. Í árslok 2022 voru þess vegna engar birgðir af vörum framleiddar voru úr umframmjólk, þvert á móti höfðu verið fluttar út vörur sem svöruðu til 222.881 lítrum meira af mjólk á fitugrunni, heldur en sem nam útflutningsskyldu.

Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2022 lá fyrir 27. janúar 2023 kom í ljós að umframmjólk ársins 2022 var 1.531.382 lítrar og hækkaði útflutningsskylda sem því nam og nam 1.272.048 lítrum (sem svarar til um 59 tónna af smjöri).